



Reykjavík, 23. mars 2026
VEL26030033

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástæður þess að tillaga um húsnæði Kaffistofu Samhjálpur hefur ekki verið tekin á dagskrá velferðarráðs

Þann 4. mars 2026 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi velferðarráðs 10. febrúar sl. fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins tillögu vegna húsnæðis kaffistofu Samhjálpur. Afgreiðslu tillögunnar var frestað að ósk fulltrúa meirihlutans. Í 8. grein samþykktar fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar kemur skýrt fram að sé tillögu um mál frestað, skuli hún tekin fyrir á næsta fundi ráðsins. Þrátt fyrir þetta skýra ákvæði og ítrekun af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, hefur umrædd tillaga ekki enn verið tekin fyrir í ráðinu þrátt fyrir að tveir fundir hafi verið haldnir frá framlagningu hennar, þ.e. 18. febrúar og 4. mars. Um leið og gerð er alvarleg athugasemd við þessi vinnubrögð, er óskað eftir því að farið verði eftir samþykktum ráðsins í þessu efni sem öðrum og tillagan tekin til afgreiðslu sem fyrst. Tekið skal fram að formanni ráðsins er ekki heimilt að tefja mál og fresta tillögum eftir eigin geðþótta heldur á hann, öðrum fremur, að gæta þess að farið sé eftir gildandi samþykktum við stjórn ráðsins.

Spurt er hverju þetta sætir?

Svar:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir Kaffistofu Samhjálpur var lögð fram á fundi velferðarráðs 10. febrúar 2026. Í kjölfar þess óskaði formaður velferðarráðs eftir umsögn velferðarsviðs um tillöguna og hafði sú umsögn verið í vinnslu innan sviðsins.

Tillagan var tekin á dagskrá fundar velferðarráðs 18. mars 2026, áður en umsögn velferðarsviðs lá fyrir. Tillögunni var vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands gegn atkvæði fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Viðreisnar sat hjá við afgreiðslu málsins., sbr. 7. lið fundargerðar velferðarráðs s.d.



Reykjavík